

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/627**2018/EES/85/09****frá 20. apríl 2018****um að leiðrétta tilteknar tungumálaútgáfur af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í þýsku tungumálaútgáfunni af reglugerð (EB) nr. 1333/2008 eru villur í D-hluta II. viðauka, í matvælaflökki 12.2 og í E-hluta II. viðauka, í matvælaflökku 0, 01.7.1, 05.2, 11.1, 12.2, 12.2.2, 13.2 og 17.1. Til að tryggja skýrleika laga fyrir stjórnendur matvæla fyrirtækja og snurðulausa starfsemi innri markaðarins ætti því að leiðrétta í þýsku tungumálaútgáfunni heiti matvælaflökks 12.2 og skilyrði fyrir notkun (takmarkanir/undanþágur) fyrir matvælaaukefni í matvælaflökku 0, 01.7.1, 05.2, 11.1, 12.2, 12.2.2, 13.2 og 17.1
- 2) Í grísku tungumálaútgáfunni af reglugerð (EB) nr. 1333/2008 eru villur í E-hluta II. viðauka, matvælaflökki 05.2. Til að tryggja skýrleika laga fyrir stjórnendur matvæla fyrirtækja og snurðulausa starfsemi innri markaðarins ætti því að leiðrétta í grísku tungumálaútgáfunni skilyrði fyrir notkun (takmarkanir/undanþágur) fyrir matvælaaukefni í matvælaflökki 05.2.
- 3) Í tékknesku tungumálaútgáfunni af reglugerð (EB) nr. 1333/2008 eru villur í E-hluta II. viðauka, matvælaflökki 08.2. Til að tryggja skýrleika laga fyrir stjórnendur matvæla fyrirtækja og snurðulausa starfsemi innri markaðarins ætti því að leiðrétta í tékknesku tungumálaútgáfunni skilyrði fyrir notkun (takmarkanir/undanþágur) fyrir matvælaaukefni í matvælaflökki 08.2.
- 4) Því ætti að leiðrétta tékknesku, þýsku og grísku tungumálaútgáfuna af reglugerð (ESB) 1333/2008 til samræmis við það. Þessar leiðréttingar eiga ekki við um aðrar tungumálaútgáfur.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.**(Á ekki við um ensku útgáfuna).**2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 104, 24.4.2018, bls. 57. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 232/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. apríl 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
